

• SÉRFRÆÐILÆKNIR • HEILSUGÆSLU- OG DEILDARLÆKNIR

Lausar er til umsóknar stöður sérfræðilæknis og heilsugæslu- og deildarlæknis við Umdæmissjúkrahús Austurlands/FSN í Neskaupstað. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til greina. Stöðurnar veitast frá 1. nóvember 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

Sérfræðilæknir:

Þátttaka í daglegri lækniþjónustu á deildum umdæmissjúkrahússins og heilsugæslunnar þar.

Heilsugæslu- og deildarlæknir:

Þátttaka í daglegri lækniþjónustu á heilsugæslu og öðrum deildum sjúkrahússins.

Gildir fyrir bæði störf:

Vaktskylda, samskipti og þjónusta við sjúklinga, kennsla, teymisvinna og endurmenntun.

Nánari upplýsingar í starfslýsingum.

Hæfnikröfur

Sérfræðilæknir:

Fullgild sérfræðiréttindi í almennum lyflækningum eða bráðalækningum.

Heilsugæslu- og deildarlæknir:

Sérfræðileysi í heimilislækningum, eftir atvikum í annarri sérgrein lækniþjónustu eða almennt lækningaleysi.

Umdæmissjúkrahús Austurlands/FSN í Neskaupstað starfærir blandaða lyf- og handlækningadeild, hjúkrunardeild, fæðingarþjónustu og endurhæfingar-deild ásamt stoðdeildum, sem og heilsugæslu fyrir íbúa í Neskaupstað og Mjóafirði. Þjónustusvæði sjúkrahússins nær frá Bakkafirði til Djúpavogs, svæðis sem telur um 11.000 íbúa.

Meginhlutverk sjúkrahússins er að veita almenna sjúkrahúsþjónustu samanber lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og það er hlekkur í þjónustukeðju HSA, sem starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Á þjónustusvæði HSA eru auk FSN fimm heilsugæslur, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins.

HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.

Gildir fyrir bæði störf: Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika. Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með 20. október 2015.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar.

Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum.

Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Nánari upplýsingar veita Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is,

Jón H. H. Sen, starfandi forstöðulæknir, s. 840-4144, netf. jon@hsa.is,

Valdimar O. Hermannsson, rekstrarstjóri, s. 860-6770, netf. valdimarh@hsa.is og Emil Sigurjónsson mannauðsstjóri, s. 470 3053 og 895 2488, netf. emils@hsa.is.



AUGNLÆKNIR ÓSKAST TIL STARFA Á AUSTURLANDI

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar eftir augnlækni til þess að sinna augnlæknaþjónustu í Fjarðabyggð; á starfsstöðvum HSA í Neskaupstað og á Eskifirði.

HSA er með samning við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) um sérfræðiþjónustu í augnlækningum fyrir sjúkratryggða einstaklinga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Augnlæknir getur nýtt sér viðkomandi samning vegna þjónustunnar, sem kveður á um 650 viðtöl á ári. Miðað er við augnlæknaþjónustu sem ekki krefst innlagnar á sjúkrahús og skal veita þjónustuna sem jafnast yfir árið.

Umsóknarfrestur er til 26. október 2015.

Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Nánari upplýsingar veita Kristín B. Albertsdóttir, forstjóri, s. 470-3050, netfang; kba@hsa.is eða Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3050, netfang; petur@hsa.is

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpavogi til Vopnafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað.